

Litið um öxl


Það var við hæfi að opna „Bláma“, sýningu Einar Garibaldi Eiríkssonar á Kjarvalsstöðum um leið og Kjarvalssýninguna „Af trönum meistarans“, því „Blámi“ fjallar einmitt um Kjarval og Kjarvalsmyndina í hugum okkar. Málverk Einar eru þó af skaplega frábrugðin málverkum meistarans. Þau eru öll í sama bláa litnum (cyan), máluð á spónaplötur og myndefnið er tákn af ýmsu tagi sem eiga það sameiginlegt að tengjast Kjarval á einhvern hátt.

Sýningin er í raun heilmikil hugvekja. Hún vekur áhorfandann til umhugsunar um þá merkingu sem listamaðurinn hefur í hugum fólksins og hversu auðvelt er að breyta minningunni í stimpil eða stofnun.

Myndirnar fjalla hver um sig um eitt hvað eitt tiltekið sem fagaðir titlarnir segja til um hvað er (á latínu, íslensku og ensku), en að sjálfsgöðu eru verkin mun margræðari. Á einni er signatúr Kjarvals uppblásinn, gæðastimpill sem flestir þekkja og taka mark á, líka þeir sem þekkja alls ekkert til verka listamannsins. Ábendingin um tenginguna á milli fangamarks Kjarvals og merkis BSR er sköndin en í báðum tilvikum fléttast þrjár stafir fagurlega saman. Merkið sem við sjáum úti á þjóðvegum og þýðir „áhugaverður staður“ vísar til allra þeirra staða á landinu sem Kjarval kom á kortið með því að mála af þeim myndir.

Þarna eru margar sniðugar athugasemdir, sumar gáskafullar, aðrar dýpri og alvarlegri, en allar vekja spurningar. Er listamaðurinn til dæmis sýndur sómi með því að prenta hann framan á peningaseðil? Reyndar eiga spurningarnar ekki bara við Kjarval, eða listamanninn sem fyrirbæri, heldur geta þær átt við minningu hvers sem er. Einar Garibaldi tekur ekki beina afstöðu til spurninganna sem hann vekur, hann lætur áhorfandann eftir að hugsa, en tvíræðnin speglar þó efasemdir hans. Hvert smáatriði skiptir máli, til dæmis er signatúr hans sjálfs eins og prentaður í skiltagerð og ekki settur framan á myndflötinn heldur á kantinn.

Ein myndin fjallar um bláma eða „cyanosis“ á ensku. Samkvæmt orðabókinni er það læknisfræðilegt hugtak yfir bláleita húð vegna súrefnisshorts. Mér skilst að svoléiðis blámi geti komið fram þótt nóg súrefni sé í blóðinu, ef vefina skortir hæfnina til að taka það upp. Getur



Einar Garibaldi Eiríksson: De idolatria / Af hjáguðum. 1998.

verið að það séum við sem erum „blá“, þ.e. að Kjarval sé í blóði okkar en við getum ekki nýtt okkur hann? Höfum við kannski ekki áttað okkur til fulls á stærð Kjarvals? Höldum við að Kjarval sé bara góður á Íslandi af því við séum svo fá og eigum svo stutta myndlistarhefð? Eða er því

öfugt farið? Reynum við að horfa fram hjá honum vegna þess hve stór hann er?

Já, Kjarval er áreiðanlega súrefnisútur sem við hvorki kunnum né þorum að nota til fulls og ég er sannfærð um að mörgum

listamanninum hefur þótt hann skyggja á sig. En bláminn er ekki bara sjúkdómur, það er hann sem breiðist yfir fjarskann og það er gott að hafa öðlast nægilega fjarlægð á Kjarval til að geta tekist á við hann án þess að minnimáttarkenndin drepi mann.

Þetta er sýning sem lætur litið yfir sér en vinnur á fyrir það hvað hún er markviss og skemmtileg. Grunnhugmyndin er einföld og allt gengur fyllilega upp þó að vísanirnar geti í fyrstu virst í allar áttir og ósamstíga.

Blámi stendur til 14. mars. Opnið er á Kjarvalsstöðum kl. 10–18 alla daga.

Myndlist

Áslaug Thorlacius

Freisting fiðlugeggjara

Álitlegt úrval er nú til af íslenskrí nútímatónlist á geisladiskum. Íslensk tónskáld og flytjendur hafa verið duglegri en nokkru sinni að festa afurðir sínar við skifurnar sífurgráu sem auk þess að geyma ógrynni tónlistar stefna í að verða aðal myndhírslur framtíðarinnar.

Rut Ingólfssdóttir er ein þessara vösku flytjenda og nýlega kom út geisladiskur þar sem hún flytur tónlist fyrir einleiksfíölu eftir nokkra af þeim löndum okkar sem staðið hafa tónsmiðavaktir á þessari öld. Verkin á disknum eru Studie op. 3 eftir Jón Leifs, Sónata fyrir einleiksfíölu eftir Hallgrím Helgason, Dimension eftir Magnús Blöndal Jóhannson, Lag og tilbrigði með eftirmála eftir Atla Heimi Sveinsson og Adagio eftir Tryggva M. Baldvinsson. Þau voru samin í sömu röð og þau heyrast á disknum og er verk Jóns meira en 70 árum eldra en það síðasta sem er frá 1996. Þannig fæst ákveðin söguleg viðmiðun sem gefur disknum líka vissan heildarsvip.

Jón Leifs er sennilega frægasta tónskáld okkar íslendinga og sá þeirra sem öðrum fremur skóp þjóðlegan íslenskan skóla. Studie op. 3 sver sig ákveðið í ætt við skólann með siendurtekinni 5und á neðsta tónsviði fiðlunnar, eyðilegu upphafsstefi og yfirbragði sem oft er kaldhamrað. Sónata Hallgríms



Hljómplötur

Ívar Aðalsteinnsson

fyrsta íslenska 12-tónaverkið og fyrsta íslenska raftónverkið. Tólf tónasmíðin Dimension er að verða 40 ára gömul en hljómar enn fersk og lifandi. Þetta er snoturlaga unnið verk með effektum eins og banki í fiðlubúkinn, glissi og plokki.

Einar Garibaldi fyrirles

Einar Garibaldi Eiríksson myndlistarmaður – sá sem Áslaug Thorlacius fjallar um hér á síðunni – heldur fyrirlestur í Myndlista- og handiðaskóla Íslands í Laugarnesi í dag kl. 12.30. Fyrirlesturinn nefnist „Flogið yfir Heklu“ og mun Einar ganga út frá fullyrðingunni „Listin hermí er náttúrunni“.

Tónleikaröðin Tíbrá

5. janúar hófst í Salnum í Tónlistarhúsi Kópavogs tónleikaröð sem hlotið hefur nafnið Tíbrá. Salurinn er aðeins mánaðargamall en hefur þegar sannað gildi sitt; þar hafa á þessum eina mánuði verið haldnir 20 tónleikar fyrir hátt á fimmta þúsund manns.

Nýja röðin er framhald á tónleikum á vegum Kópavogsbæjar sem á undanförunum árum hafa verið í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni. Nafnið er tekið úr ljóðasafni Þorsteins Valdimarssonar; þar er ljóðið Tíbrá sem er á þessa leið:



Ljósmodan streymir nær frá ósi sólar og lykurlólana og vötnin í fangi sér, og langan, vegbláan sumardaginn ber hún í titrandi geislaflömi veröld stjarna og fjörlida og barna, sem í lynginu krjúpa, að djúpi nætur og drauma.

Næstu Tíbrá tónleikarnir verða annað kvöld kl. 20.30; þá heldur Þorsteinn Gauti Sigurðsson fyrstu pianótónleikana í Salnum. Þeir hefjast á þremur skemmtilegum prelúdíum eftir G. Gershwin, þá kemur Gnossia eftir Eric Satie og hin viðfræga Tunglskinssónata Beethovens. Eftir hlé verða fluttar Etýður eftir Chopin op. 10 nr. 4, 6 og 8 og tónleikumunum lýkur með sönötu op. 26 eftir S. Barber, einu glæsilegasta pianóverki sem samið hefur verið á þessari öld.

Miðasalan verður opin tónleikadaginn frá kl. 14 í anddyri Tónlistarhúss Kópavogs, sími 570 0404.

Viskubækur

Forlagið hefur gefið út fjórar klassískar viskubækur: Veraldarvisku, I Ching, List friðarins og Leið pílagrímsins.

Veraldarviska er tekin saman á 17. öld og er hagnýtt handbók um hvernig ná eigi árangri í lífi og starfi. I Ching er elsta og djúphugsuðasta rit Kinverja, mikilsvirt sem véfrétt gæfunnar, leiðarvísir til farsældar og mikill viskubrunnur. List friðarins geymir lífsspeki Morihei Ueshiba sem var ósigrandi bardagamaður þótt hann hefði óbeitt á átökum, stríði og hvers konar ofbeldi. Aðferð hans var Aikido er þýða má sem list friðarins.

Leið pílagrímsins er sjálfvísöguleg frásaga stranniks nokkurs, en svo nefndust pílagrímar sem settu svip á rússneskt sveitalíf frá miðöldum og allt fram á okkar öld. Hann tekst á við flökkulíf pílagrímsins með bænina að vopni og förunauti og í gegnum frásögn hans kynnumst við nokkru af andstreyminu og gleðinni sem lífsmáti þessi hefur upp á að bjóða.

Ísak Harðarson, rithöfundur og skáld, þýddi allar bækurnar.

Íslensk myndlistarsaga og samtímamyndlist

Í næstu viku hefjast tvær fyrirlestraraðir við Myndlista- og handiðaskóla Íslands í Skipholti 1. Mánudagskvöldið 8. febrúar hefst námskeið um íslenska myndlistarsögu frá 1900, þar sem fjallað verður um frumherjana og landslagshefðina, nýsköpun á árunum 1915–30, nýtt landslag og þorpsmálverk 1930–45, formbyltingu 1940–55, Súm og eftirmála 1965–80 og loks íslenska myndlist eftir 1980. Kennari er Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur.

Þriðjudagskvöldið 9. febrúar hefst fyrirlestraröð um samtímamyndlist, tímabilið frá 1960–95 innanlands og utan. Fjallað verður um hugtök eins og naumlist, Flúxus og popplíst, þær róttæku breytingar sem orðið hafa í myndlist á tímabilinu, rætt um síðmóðernisma og helstu vaxtarbrodda innlendrar og erlendrar listar á síðustu 12 árum. Fyrirlesari er Halldór Björn Runólfsson listfræðingur.

Nánari upplýsingar fást í skólanum í síma 551 9811.

Umsjón

Silja Aðalsteinsdóttir